

Haraldur Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. október 2014  
Tilvísun: UST20141000068/ksj

### Helluvað 3 í Rangárfingi ytra. Tillaga að deiliskipulagi Frístundalóða.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárfings ytra er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 6 frístundalóða í landi jarðarinnar Helluvaðs 3.

Ofangreind deiliskipulagstillaga nær yfir svæði sem er 19 ha og tekur til 6 frístundalóða. Fram kemur í greinargerð skipulagstillögunnar að gróður er rýr og svæðið að mestu leyti blásnir melar. Einnig kemur fram að gegnum allar lóðirnar liggur lækjarfarvegur sem þorni síðla sumars. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að opin leið sé fyrir umferð gangandi manna meðfram læknum þegar um farveginn rennur vatn.

Á skipulagstillögusvæðinu eru ekki náttúruminjasvæði á náttúruminjaskrá og ekki svæði er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur